



AÐALFUNDUR

Hf. Eimskipafélags Íslands verður haldinn
í Súlnasal Hótel Sögu
fimmtudaginn 16. mars 1989,
og hefst kl. 14.00.

DAGSKRÁ

1. Aðalfundarstörf samkvæmt 14. grein samþykktu félagsins.
2. Tillaga um útgáfu jöfnunarhluta-bréfa.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur frá hluthöfum, sem bera á fram á aðalfundi, skulu vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Aðgöngumiðar að fundinum verða afhentir hluthöfum og umboðsmönnum hluthafa á skrifstofu félagsins í Reykjavík frá 9. mars til hádegis 16. mars.

Reykjavík, 15. febrúar 1989

STJÓRNIN

DAGBÓK

Félagslíf

Fundur um menntunarmál fóstura

Fóstrufélag Íslands mun standa fyrir opnum fundi um menntunarmál fóstura í nútíð og framtíð í dag, fimmtudaginn 16. febrúar kl. 16:00-18:00 í húsi BSRB að Grettisgötu 89.

Tilfni fundarins er nefndarálit Fósturskólafundar menntamálaráðuneytisins sem út kom í desember 1988.

Framsöguræður flytja: Selma Dóra Þorsteinsdóttir, formaður Fósturskólafélags Íslands og fulltrúi F.Í. í Fósturskólafundinni og Gyða Jóhannsdóttir skólastjóri, Fósturskóla Íslands og fulltrúi skólafundar í nefndinni.

Á eftir verða pallborðsumræður, þar sem félagsmenn geta borið fram fyrirspurnir um menntunarmál fóstura. Í þeim taka þátt: Svavar Gestsson menntamálaráðgjafi, Gyða Jóhannsdóttir skólastjóri Fósturskóla Íslands, Ottar Proppé fulltrúi frá Kennaraháskóla Íslands, Birna Sigurjónsdóttir, fulltrúi frá skólamálaráði Kennarasambands Íslands, Selma Dóra Þorsteinsdóttir, formaður Fósturskólafélags Íslands og Margrét Vally Jóhannsdóttir, fulltrúi frá fræðslu- og menntaráði Fósturskólafélags Íslands.

Félag eldri borgara

Opíð hús í Goðheimum, Sigtúni 3. Í dag kl. 14:00 – frjáls spilamennska. Kl. 19:30 – félagsvist. Kl. 21:00 er dansað.

Athugið:

Góugleði verður haldin í Tónabæ laugardaginn 11. mars nk. Upplýsingar og miðpantanir á skrifstofu félagsins í síma 28812.

Fundur Kvenfélags Kópavogs

Kvenfélag Kópavogs heldur félagsfund í Félagsheimilinu í kvöld, fimmtudaginn 16. febrúar kl. 20:30. Eftir fundinn verður spilað bingó.

Sólarkaffi Seyðfirðinga


Sólarkaffi Seyðfirðinga í Reykjavík verður haldið í Domus Medica föstudaginn 17. febrúar.

Helgar-skiðferð F.Í.

Ferðafélag Íslands fer í helgarferð 18.-19. febrúar. Farin verður skiðagönguferð í Innstadal. Ekið að Kolviðarhóli og gengið þaðan á skiðum í áningarstað. Gist í húsi. Brottför er kl. 08:00 á laugardag. Kjörin æfing ferð fyrir skiðagöngufólk. Famiðasala og upplýsingar á skrifstofu Ferðafélagsins.

Listasafn Einars Jónssonar – opnað á ný

Listasafn Einars Jónssonar er opið alla laugardaga og sunnudaga kl. 13:30-16:00. Höggmyndagarðurinn er opin daglega frá kl. 11:00 – 17:00.



Sýning Ásgerðar Búadóttur í Galleri Borg

Í dag opnar Ásgerður Búadóttir sýningu á myndvefnaði í Galleri Borg, Pósthússtræti 9.

Á sýningunni eru ný verk öll ofin á

árunum 1986-1989. Stærsta verkið er 227x204 sm. Fjögur verk sýningarinnar kallar listakonan „Gengið með sjó“. Það er samstæða en þó hvert verk fyrir sig sjálfstætt.

Sýningin er opin virka daga kl. 10:00-18:00 og um helgar kl. 14:00-18:00. Sýningunni lýkur þriðjudaginn 28. febrúar.

Myndlist

Síðasta sýningarhelgi Erlu í F.Í.M.-salnum

Myndlistarsýning Erlu B. Axelsdóttur í F.Í.M.-salnum, Garðastræti 6 í Reykjavík lýkur nú eftir helgina.

Þetta er sjötta einkasýning Erlu, en síðast sýndi hún á Kjarvalsstöðum 1986. Hún átti jafnframt myndir á sýningunni „Reykjavík í myndlist“ það sama ár.

Í F.Í.M. salnum sýnir Erla málverk og pastelmýndir sem unnar eru á s.l. þrem árum.

Sýning Erlu stendur frá 4. febrúar til 21. febrúar og verður opin virka daga kl. 13:00-18:00 og um helgar kl. 14:00-18:00. Síminn er 25060.

Listkynning í Alþýðubankanum á Akureyri

Alþýðubankinn og Menningarsamtök Norðlendinga kynna að þessu sinni grafíklistamanninn Guðbjörgu Ringsted.

Guðbjörg Ringsted er fædd 1957. Hún lauk námi í grafíkdeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1983. Hún hefur haldið 2 einkasýningar; á Akureyri 1983 og á Dalvík 1985 og einnig hefur hún tekið þátt í nokkrum samsýningum á Akureyri og í Reykjavík.

Guðbjörg er meðlimur í „Íslensk grafík“ og er búsett á Dalvík.

Á listkynningunni eru 11 dúkrustur unnar á árunum 1983 og 1988.

Listkynningin er í útibúi Alþýðubankans á Akureyri, Skipagötu 14, og stendur hún til 10. mars.



BÍLALEIGA

með útibú allt í kringum landið, gera þér mögulegt að leigja bíl á einum stað og skila honum á öðrum.

Reykjavík


91-31615/31815

Akureyri

96-21715/23515

Pöntum bíla erlendis

interRent
Bílaleiga Akureyrar




ÖLL VINNSLA PRENTVERKEFNA

PRENTSMIDJAN

Edda

Smíðjuvegi 3,
200 Kópavogur.
Sími 45000.



— Geturðu spilað BÍ, bí og blaka?